

Viðmið SPRON við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja

Með lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, var kveðið á um leiðir og viðmið til að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs og koma á jafnvægi á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga hins vegar. Með lögnum er fjármálafyrirtækjum m.a. fengið það hlutverk að setja reglur um skuld- og skilmálabreytingar sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara¹. Fjármálafyrirtæki hafa sett slíkar reglur sameiginlega á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), og voru reglurnar samþykktar af Fjármálaeftirlitinu þann 3. mars 2010² (hér nefndar *SFF reglurnar*). Slitabú Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) fylgir þessum reglum³. SPRON hefur að auki sett sér eftirfarandi viðmið, reglum SFF til fyllingar.

1. Tilgangur og markmið

Tilgangur umfjöllunarinnar er að setja niður viðmið um greiningu á fjárhagsvanda fyrirtækja, til að tryggja jafnræði og hlutlægni við mat á því hvort fyrirtækjum í fjárhagserfiðleikum standi sértæk úrræði til boða, og þá hvaða úrræði. Þá er enn fremur leitast við að auka gagnsæi í starfsemi SPRON.

Markmiðið er að takmarka það tjón sem getur hlotist af tímabundnum fjárhagserfiðleikum lífvænlegra fyrirtækja og að hámarka endurheimtur SPRON.

2. Áherslur og meginreglur

Vandi fyrirtækja er mismikill og viðeigandi úrræði mismunandi. Við fjárhagslega endurskipulagningu er almennt lögð áhersla á náð samstarf við eigendur og stjórnendur fyrirtækis. Stefna SPRON er að velja samningaleið um lausn skuldamála, fremur en hefðbundnar fullnustuaðferðir, sé þess kostur.

SPRON leggur megináherslu á *almenn úrræði*, en í þeim felst skilmálabreyting lána, án niðurfærslu. Dugi slík úrræði ekki koma til greina *sértæk úrræði*, s.s. að færa niður lán fyrirtækja á móti eiginfjárframlagi eigenda. Sértæk úrræði koma ekki til greina nema önnur úrræði séu fullreind eða ekki líkleg til árangurs. Við niðurfellingu skulda er farið að lögum og reglum um afskriftir. Skattalegar kvaðir sem kunna að myndast vegna fyrirgreiðslu eru ávallt á ábyrgð viðkomandi fyrirtækis.

Ávallt er miðað við að afborganir séu greiddar eins og kostur er og að skuldsetning verði í myntum sem endurspeglar tekjur fyrirtækjanna. Til lengri tíma litið verða fyrirtæki að geta staðið við allar skuldbindingar sínar miðað við eðlilegt endurgreiðsluferli að mati SPRON.

Það skal áréttað að markmiðið er að koma lífvænlegum fyrirtækjum í gegnum þá efnahagslegu erfiðleika sem við er að etja. Með lífvænlegum fyrirtækjum er átt við fyrirtæki sem eru rekstrarhæf til lengri tíma þar sem áætlanir geri ráð fyrir jákvæðu sjóðstreymi og að fyrirtækið standi undir greiðslu vaxta og afborgana þegar erfiðleikatímanum og endurskipulagningu lýkur.

Þó leitast sé við að afgreiða sambærileg mál á sambærilegan hátt, er ljóst að engin tvö mál eru eins og að hvert mál þarf að meta sérstaklega. SPRON byggir ákvarðanir sínar á vandlegri greiningu á fjárhagsstöðu og greiðslugetu viðkomandi aðila, ásamt mati á framtíðarhorfum og undirliggjandi

¹ Hér er slík eftirgjöf og ívilnun fyrir fyrirtæki einu orði nefnd *fyrirgreiðsla*.

² Sjá: http://www.sff.is/media/auglysingar/SFF-Sameiginlegar_verklagsreglur.pdf

³ Viðmiðin gilda einnig um dótturfélag SPRON, Drómi hf.

áhættu. Við mat á því hvaða úrræði standi til boða hverju sinni skal ætíð fylgja eftirfarandi meginreglum:

1. Hlutlægni og jafnræði

Viðskiptalegar forsendur skulu hafðar að leiðarljósi við ákvarðanir um fjárhagslega endurskipulagningu. Við afgreiðslu mála skal gæta hlutlægni og jafnræði, þannig að sambærileg mál fái sambærilega afgreiðslu og ómálefnanleg sjónarmið hafi ekki áhrif á ákvarðanatöku.

SPRON skal gæta að sérstöku hæfi starfsmanna sinna og tryggja að ekki séu fyrir hendi aðstæður sem komi í veg fyrir að starfsmenn geti tekist á við störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku. SPRON skal jafnframt gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaaðreksstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina.

2. Trúnaður

Gæta ber fyllsta trúnaðar og varúðar við meðferð upplýsinga um viðskiptamenn, í samræmi við 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

3. Gagnsæi

SPRON leitast við að hafa verklag eins gegnsætt og völ er á. Í því felst m.a. að aðferðarfræði sé sýnileg og afgreiðsla einstakra erinda rökstudd og skráð. Þá skulu lögbundnir eftirlitsaðilar hafa aðgang að gögnum og skjölum í samræmi við lög og reglur.

3. Almenn úrræði

Fyrirtækjum, sem geta einungis greitt vexti og hluta afborgana miðað við uppfærð vaxtakjör, standa til boða skilmálabreytingar. Skilmálabreytingar geta t.d. falið í sér:

- Greiðslufrestur á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði, hafi viðkomandi ekki nýtt sér það úrræði áður.
- Vanskilum bætt við höfuðstól.
- Óreglulegt endurgreiðsluferli.
- Einungis vaxtagreiðslur í tiltekinn tíma.
- Myntbreytingar.

Þá getur fyrirtækjum einnig staðið til boða eftirtalin úrræði vegna lána í erlendri mynt:

- *Greiðsluskjól:*
 - Lækkun höfuðstóls erlendra lána þegar láni er skuldbreytt í íslenskar krónur. Lækunin tekur mið af myntsamsetningu og lengd lánasamnings.
 - Lán verður að íslensku verðtryggnu láni til 25 ára, með föstum 5,25% vöxtum.
 - Úrræði stendur til boða til loka árs 2010
- *Fastar greiðslur:*
 - Fastar greiðslur af lánum fyrirtækja miðast við að greiðslan sé ekki lægri en greiðsla afborgana og vaxta í upphafi.
 - Upphæð fastrar greiðslu af lánum sem eru með fimm ár eða lengur eftir af lánstímanum er að lágmarki kr. 5.000 á mánuði af hverri upphaflegri lánaðri milljón kr.
 - Upphæð fastrar greiðslu af lánum sem eru með styttri tíma en fimm ár eftir af lánstímanum er að lágmarki kr. 15.000 á mánuði af hverri upphaflegri lánaðri milljón kr.

- Hægt er að óska eftir að vanskilum sé bætt við höfuðstól lánsins. Almennt skilyrði er að lánið sé ekki komið í lögfræðinnheimtu.
- Fastar greiðslur gilda til og með desember 2010 með möguleika á framlengingu samkvæmt ákvörðun bankans þar til niðurstaða liggur fyrir af hálfu Hæstaréttar eða löggjafans varðandi lánasamninga bankans.

4. Sértæk úrræði

Ef fjárhagslegir erfiðleikar fyrirtækis eru þess eðlis að engin almenn úrræði duga til, kemur til greina að beita sértækum úrræðum. Sértækum úrræðum fylgir gjarnan niðurfærsla skulda. Sértæk úrræði eru ætíð háð þeim skilyrðum sem talin eru upp í 2. kafla SFF reglnanna. Meginforsendur eru:

- Fyrirtæki geti staðið undir greiðslubyrði eftir endurskipulagningu.
- Betri endurheimtur en ella.
- Traust og samstarfsvilji.
- Aðrir kröfuhafar standi endurskipulagningu ekki í vegi.

Fjölmargir þættir geta haft áhrif á mat SPRON á því hvort fyrirtæki uppfylli öll skilyrði fyrirgreiðslu. Hér er um að ræða bæði hlutlægt og huglægt mat á innri og ytri aðstæðum viðkomandi fyrirtækis. Þegar kannað er hvort skilyrðin séu uppfyllt er lagt mat á ýmsa þætti sem snúa að rekstri, stjórnun, efnahag og rekstrarumhverfi fyrirtækisins, í samræmi við 3. og 4. kafla SFF reglnanna.

Við mat á trausti og samstarfsvilja skiptir viðskiptasaga miklu máli, auk þess að aðilar veiti allar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar fyrir upplýsta ákvörðun, í samræmi við 7 kafla SFF reglnanna. Ef ekki ríkir traust og trúnaður milli SPRON og eigenda og/eða stjórnenda fyrirtækis koma sértæk úrræði ekki til greina nema viðkomandi aðilar láti af störfum. Áframhaldandi þátttaka eigenda og stjórnenda við rekstur fyrirtækja er háð því að þeir þyki mikilvægir fyrir framtíð fyrirtækjanna og líklegir til að auka endurheimtur.

Það skal tekið fram að í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja er gert ráð fyrir að sjálfskuldarábyrgðir eiganda sem tengjast rekstri fyrirtækja eða eru tilkomnar vegna fyrirtækjakaupa haldist óbreyttar. SPRON getur ávallt farið fram á uppgjör á sjálfskuldarábyrgðum eigenda. Við slíkt uppgjör er raunvirði ábyrgðar metið út frá eignum, skuldum og greiðslugetu viðkomandi ábyrgðarmanns.

Heimilt er að slaka á því skilyrði að endurheimtur verði betri eftir endurskipulagningu ef SPRON metur fyrirtækið *þjóðfélagslega mikilvægt* s.s. út frá samkeppnisstöðu, sérfræðiþekkingu eða atvinnu- og byggðasjónarmiðum.

Þótt fyrirtæki uppfylli skilyrði fyrirgreiðslu, eru sértæk úrræði almennt háð tilteknum skilyrðum og kvöðum, eftir því sem við á. Í 5. kafla SFF reglnanna er að finna dæmi um slíka skilmála, en sem dæmi má nefna arðgreiðslubann, takmarkanir á launum og hlunnindum stjórnenda, heimild til að skipa stjórnar- eða tilsjónarmann og krafa um áframhaldandi upplýsingagjöf.

Þegar fyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði sértækra úrræða, er komið í þá stöðu að það geti ekki staðið undir greiðslubyrði skuldbindinga, hvorki nú né til lengri tíma, er nauðsynlegt að lækka kröfur, ef forðast á gjaldþrot. Hér kemur t.a.m. til greina að breyta skuldum í hlutafé, víkjandi lán eða lán með breytirétti. Ef allt annað þrýtur, kemur til greina niðurfelling skulda.

Áður en til niðurfærslu kemur er gerð krafa um nýtt eigið fé í eðlilegu samræmi við fjárhæð nauðsynlegrar niðurfellingar eða verðmat fyrirtækis, eftir því hvort er hærra, enda er núverandi hlutfé orðið verðlaust. Við endurskipulagningu skulda skal tryggt að nýtt eigið fé frá eigendum og eftirstöðvar skulda séu samtals, að mati SPRON, að lágmarki 100% af virði endurmetinna eigna eða af verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi, eftir því hvort er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga. Nýtt eigið fé greiðist inn á lán fyrirtækis.

Hjá fyrirtækjum í greiðsluferfiðleikum þar sem skuldir þess og tengdra aðila eru undir 500 m.kr, kemur til greina í undantekningartilvikum að færa niður skuldir fyrirtækis án eiginfjárframlags eiganda, enda sé ljóst að eigandi geti ekki reitt fram nýtt eigið fé. Þetta á einkum við í minni fyrirtækjum, þar sem reksturinn byggir á eigendum sjálfum og ekki er talið raunhæft að taka yfir hlutfé í fyrirtækinu. Við slíka endurskipulagningu skal tryggt að eftirstöðvar skulda séu að mati SPRON að lágmarki 125% af virði endurmetinna eigna eða af verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi, eftir því hvort er hærra, að viðbættu virði annarra trygginga. Eftirstöðvum skulda er skipt í fleiri lánshluta, eftir eignum og greiðslugetu viðkomandi, en úrræðið gerir ráð fyrir lágmarksgreiðslugetu fyrir reglulegum greiðslum á a.m.k. 70/125 lánsins.

Niðurfærsla lána getur verið að hámarki 60% af höfuðstól lána og skal aldrei mynda eigið fé í fyrirtækinu.

5. Nauðasamingar og greiðslustöðvun

Óháð ofangreindum úrræðum, þá getur fyrirtæki ávallt óskað eftir greiðslustöðvun og/eða heimild til að gera nauðasamninga við lánardrottna sína, hvort heldur í frjálsum eða formlegu ferli. SPRON mun almennt ekki fallast á nauðasamning ef endurheimtur yrðu lægri en samkvæmt sértökum úrræðum.

Hér kemur einnig til skoðunar hvort SPRON yfirtaki fyrirtækið með samningum við eigendur. Hlutfjáreign fyrri eigenda verður við það að engu, enda hlutfé þeirra verðlaust þegar hér er komið. Þegar þessari aðferð er beitt er markmiðið að bjarga verðmætum sem myndu ella tapast við gjaldþrot og tryggja að sem mest fáið upp í skuldir við sölu félagsins. Óvissa sem kann að ríkja um aðrar skuldbindingar kann þó að koma í veg fyrir að hægt sé að breyta skuldum í hlutfé.

6. Sala fullnustueigna

Sölufarli fullnustueigna SPRON er í samræmi við 8. kafla SFF reglnanna. Stefnir er að því að selja eignir eins fljótt og hagkvæmt er, í opnu og gagnsæju sölufarli þar sem gætt er að jafnræði fjárfesta.

7. Fyrirvarar

Úrlausn á fjárhagsvanda lögaðila er fyrst og fremst á þeirra eigin ábyrgð, en hér er leitast við að koma til móts við þarfir þeirra, eftir því sem hagsmunir SPRON leyfa. Viðmiðin skapa ekki einhliða rétt til fyrirgreiðslu, enda er sérhvert mál háð mati þar sem reynir á bæði hlutlæg og huglæg atriði, auk þess að vera skilyrðum háð. Fyrirgreiðsla skal ávallt samræmast hagsmunum SPRON og vera í samræmi við lög og reglur. SPRON áskilur sér rétt til að leggja til grundvallar réttarstöðu sinni þá samninga sem gerðir hafa verið og allar breytingar eru háðar samkomulagi aðila og réttum efndum.

Ljóst er að í mörgum tilfellum verður ekki hjá því komist að beita hefðbundnum fullnustuaðferðum til að tryggja hagsmuni SPRON, s.s. með því að ganga að veðum, óska eftir fjárnámi eða kyrrsetningu eigna eða krefjast gjaldþrotaskipta. Almennt er því haldið áfram hefðbundinni innheimtu skulda meðan á vinnu við lausn á skuldavanda fyrirtækja stendur.